

Umsögn um Þingskjal 247 — 176. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (strandveiðar).

Í umsögn þessari lýsi ég yfir fyrir hönd smábátafélagsins Hrollaugs á Hornafirði fullum stuðningi við þetta frumvarp eins og það er uppsett svo framarlega sem að allar forsendur frumvarpsins nái fram að ganga. Frumvarpið er í alla stað vel unnið og stuðlar að sanngjarni uppbyggingu smábátaútgerðar allt í kringum landið með tilheyrandi atvinnusköpun í sjávarplássum, tækifærum fyrir nýliða til að hefja útgerð, aukinni verðmætasköpun allt í kringum landið, auk jákvæðra samfélagslegra áhrifa hringinn í kringum landið. Með frumvarpi þessu fá byggðarlög og almenningur að njóta sanngirnis innan fiskveiðistjórnunarkerfisins sem mikil þörf er á og það er álit okkar að frumvarp þetta muni skapa mikla sátt um sjávarútveg þar sem aðgengi komandi kynslóða að sjávarútvegi verður aukið og tækifærið sem ísklensk fiskveiðiþjóð verður að hafa opið fyrir fyrir íbúa sína gert að veruleika.

- Frumvarpið stuðlar á því að strandveiðikerfið verði jafngott fyrir alla strandveiðimenn og byggðarlög allt í kringum landið.
- Val um veiðidaga dregur úr spennu og eykur þar með öryggi innan kerfisins þar sem strandveiðisjómenn þurfa ekki að róa í hvaða veðri sem er á meðan veiðar eru leyfðar (Olympískar veiðar) til þess að ná endum saman og eiga á hættu að missa af veiðidag.
- 50 dagar á bát með öllum þeim takmörkunum á hvern veiðidag sem eru í frumvarpinu er sanngjarn dagafjöldi á bát og innan hvers veiðidags er sanngjarnt hámarks aflamagn sem hver bátur getur náð, fullnýti hann sína veiðidaga og aflahámark á dag.
- Frumvarpið stuðlar að sannjörnu gjaldi sem rennur til ríkisins fyrir veiðarnar ef miðað er við að 50 veiðidagar séu á hvern bát.
- Frumvarpið gerir smábátaútgerð á Íslandi fýsilegan kost fyrir þá sem vilja stunda hana allt í kringum landið. Jöfn tækifæri munu skapast fyrir Íslendinga til að stunda veiðarnar allt í kringum landið.
- Frumvarpið stuðlar að mikilli hagræðingu innan kerfisins þar sem hver og einn strandveiðimaður getur valið sína veiðidaga sjálfur. Með val á 50 dögum á 8 mánaða tímabili geta strandveiðisjómenn valið að sækja sína daga nær sínum heimamiðum þegar fiskur er á svæðunum. Strandveiðisjómenn geta líka valið um að nota sína daga á tímabilum þegar verð á mörkuðum eru há og þar með hámarkað verðmætasköpun við veiðarnar.
- Frumvarpið tekur á ósannjarnri meðhöndlun strandveiðikerfisins undanfarin ár þar sem strandveiðikerfið hefur ekki fylgt eftir öðrum kerfum við kvótaukningu síðustu ára svo munar þúsundum tonna.
- Frumvarpið mun skapa sátt í sjávrútvegi.

Það er von okkar að alþingi muni sameinast um að styðja þetta frumvarp og skapa þar með sanngjörn tækifæri allt í kringum landið bæði fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Höfn 18-04-2017

Virðingarfyllt

Vígfús Þórarinn Ásbjörnsson Formaður Smábátafélagsins Hrollaugs á Hornafirði